

Fundargerð aðalfundar Foreldrafélags Grunnskóla Fjallabyggðar þriðjudaginn 27. maí Kl 17:00 í skólahúsinu Norðurgötu á Siglufirði.

Formaður Gunnar Smári Helgason setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Stungið var uppá Guðrúnu Unnsteinsdóttur aðstoðarskólastjóra sem fundarstjóra og Ríkeyju Sigurbjörnsdóttir skólastjóra í embætti fundarritara. Fundurinn samþykkti tilnefningar.

2. Skýrsla stjórnar

Formaður las skýrslu stjórnar sem var á þessa leið:

Stjórn foreldrafélagsins skipar Gunnar Smári Helgason formaður, Rut Viðarsdóttir gjaldkeri, Katrín Freysdóttir ritari, Hrönn Gylfdóttir, Hugborg Inga Harðardóttir og Sigurður Ægisson fulltrúi skólaráðs.

Foreldrafélagið aðstoðaði við grill á útivistardegi skólans 3. júní 2014. Að þessu sinni var dagskráin haldin við Tjarnarstíg í Ólafsfirði.

Endurskinsmerkjum var dreift til allra nemenda skólans sl. haust. Það var fyrri hluti pöntunar sem foreldrafélagið keypti síðastliðið haust. Stjórnin leggur til að haldið verði áfram að panta og dreifa endurskinsmerkjum til nemenda.

Opnum foreldrafundi sem halda átti 10. febrúar var frestað vegna veðurs og var hann haldinn 9. apríl sl. Þar sem Sigríður Dögg Arnardóttir kynfræðingur hélt erindið: Kjaftað um kynlíf. Fyrirlestur fyrir fullorðna um hvernig megi tala við börn og unglunga um kynlíf. Góður rómur var gerður að fundinum. Foreldrafélagið kostaði fyrirlesturinn og tók þátt í ferðakostnaði fyrirlesara ásamt grunnskólanum og MTR.

Ekkert varð af innheimtu félagsgjalda en stjórnin áformar að bæta úr því á komandi hausti.

Stjórnin fyrirhugar að taka þátt í grilli á útivistardegi skólans 3. júní n.k. og taka þátt í kostnaði við matföng.

Umræða skapaðist um skýrsluna sem var svo samþykkt samhljóða.

3. Reikningar lagðir fram til samþykktar

Formaður lagði fram reiknisyfirlit yfir bankareikning félagsins. Engar athugasemdir gerðar við yfirlitið. Undir þessum lið sagði formaður frá því að bókhaldsfyrirtækið Hvanndali hafi tekið að sé að sjá um bókhald félagsins án endurgjalds.

Reikningar samþykktir samhljóða.

4. Kosning stjórnarmanna

Fjórir stjórnarmenn foreldrafélagsins gefa kost á sér til áframhaldandi starfa. Gunnar Smári formaður gengur úr stjórninni þar sem hann á ekki lengur barn í skólanum. Hrönn Gylfadóttir hefur óskað eftir að ganga úr stjórn. Inn í stjórnina koma þrír nýir stjórnarmenn: Björk Óladóttir, Diljá Helgadóttir og Guðrún Þorvaldsdóttir. Samkvæmt lögum félagsins eiga 7 að skipa stjórnina. Hugborg Inga Harðardóttir var kosin formaður félagsins. Kosning formanns og annarra stjórnarmanna samþykkt samhljóða.

5. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga

Stungið var upp á Guðrúnu Sif Guðbrandsdóttur og Ríkeyju Sigurbjörnsdóttur. Samþykkt samhljóða.

6. Kosning fulltrúa í skólaráð

Samkvæmt starfsreglum félagsins er fulltrúi úr stjórn Foreldrafélagsins tilnefndur í Skólaráð GF. Sigurður Ægisson hefur nú setið í Skólaráði í tvö ár og því þarf stjórnin að kjósa nýjan fulltrúa í skólaráð. Ákveðið að sú kosning færi fram á fyrsta stjórnarfundi næsta haust. Samþykkt samhljóða.

7. Önnur mál

a. Hugmyndir að verkefnum félagsins ræddar. Fundarmenn á einu máli um að halda áfram með umferðaröryggi skólabarna. Stoppistöðvamálin og snjómokstur gönguleiða eru í brennidepli. Fram kom að skólinn festi kaup á endurskinsvestum í vetur sem nemendur í eldri deild geta klæðst á leið sinni milli skóla og íþróttahúss þegar skyggni er slæmt.

b. Internetnotkun og umræða við nemendur um hættur á netinu var rædd. Formaður stakk upp á að fulltrúar elstu nemenda yrðu fengnir með í umræðu við sér yngri nemendur því þeir væru mjög fróðir og margir meðvitaðir um hættur á netinu.

c. Skólamáltíðir. Rætt um skólamáltíðir og áhyggjur af því hversu léleg þátttaka nemenda í eldri deild er í skólamötuleytinu. Skólastjóri sagði fundarmönnum frá þeirri leið sem fræðslufirvöld á Akureyri fóru en þar var gerður miðlægur gagnagrunnur sem geymir upplýsingar um alla matseðla skólaársins, uppskriftir af máltíðum og næringarinnihald. Allir grunnskólar Akureyrar vinna eftir þessum gagnagrunni. Fundarmenn hvöttu skólastjóra til að skoða það betur og athuga hvort hægt væri að fara slíka leið í Grunnskóla Fjallabyggðar.

d. Félagsgjöld. Ákveðið að innheimta félagsgjöld á næsta skólaári sem nemur kr. 3000 á fjölskyldu. Félagsgjaldið yrði innheimt í tvennu lagi með gjalddaga 1.október og 1.febrúar. Ákveðið að fela Hvanndölum að sjá um innheimtu.

e. Endurskinsmerki. Rætt um að halda áfram að gefa nemendum endurskinsmerki á haustin. Eitthvað er til af merkjum frá síðustu pöntun.

Fleira ekki gert fundi slitið kl. 17:50
Ríkey Sigurbjörnsdóttir fundarritari